

Sameiginlegur fundur skólaráðs og nemendaráðs þriðjudaginn 28. janúar 2014

Fundinn sátu: Halldóra skólastjóri, Einar Sveinn og Geirlaug fulltrúar foreldra, Kristín Ingvadóttir varamaður fyrir Rannveigu (fulltrúi grenndarsamfélags Laut), Rósa og Valdís fulltrúar kennara, Þórunn fulltrúi starfsmanna, Jóhann Árni frístundaleiðbeinandi og Guðbjörg aðstoðarskólastjóri sem ritaði fundargerð. Fulltrúar nemenda Vigri og Margrét Fríða, Elsa Katrín og Katrín Lóa.

Halldóra bauð alla velkomna og síðan kynntu sig allir

1. Foreldrafélagið sendir nýjan fulltrúa sem er formaðurinn Einar Sveinn Jónsson
2. Farið yfir vinnu varðandi skólanámskrá 1.hluti. Guðbjörg kynnti nýjar skólareglur og sýn skólans. Nemendur komu að þessu í fyrra þar sem Stuðboltarnir og nemendaráð komu með ábendingu um að skoða reglur varðandi húfur, tyggjÓ, sima og raftæki.
3. Húsnæðismál, Halldóra óskaði eftir fjármagni til kaupa á húsgögnum. Rædd hefur verið hugmynd um nemendaskápa sem nemendum líkar vel. Nemendum finnst gott að hafa sameinað nemendaráð og Þrumaráð. Jóhann telur að enn sé verið að leita jafnvægis í þessari sameiningu. Nemendur bentu á að sumir stólar væru brotnir, Halldóra talaði um slæma umgengni í litla tölvuverinu. Mikilvægt er að bæta umgengni nemenda. Skemmtilegt að hafa hvatakerfi þar sem nemendur fá einhverja umbun ef þeir haga sér vel og ganga vel um.
4. Breyting á skóladagatali, þemavika færir til 8.-10. apríl vegna afmælis Grindavíkurbæjar. Morgunskraf fyrir foreldra verður á miðvikudaginn kl. 8:00. Fulltrúar foreldra telja að best sé að hafa fundinn opinn, ekki taka fyrir neitt ákveðið efni á þessum fyrsta fundi.
5. Önnur mál
 - a) Einar spurðist fyrir um Facebook síðu foreldra í skólanum. Til er síða foreldra barna í Hópsskóla og til eru slíkar síður fyrir einstaka bekki. Er æskilegt að hafa slíka síðu fyrir alla foreldra í skólanum. Heimasíðan bíður upp á tengingu við foreldrafélagið. Umræður urðu um heimasíður og Facebook síður.